

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

659. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 13. september 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við Ársæl Örn Heiðberg.
2. Bréf slökkviliðsstjóra Brunavarna Húnaþings vestra.
3. Fundargerð aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra.
4. Bréf Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
5. Fundargerð 776. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Erindi Reykjatanga ehf.
7. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis.
8. Fundarboð Veiðifélags Víðidalsár.

Afgreiðslur:

1. Ársæll Örn Heiðberg og Eva Hrönn Pálmadóttir eru mætt til viðræðna við byggðarráð þar sem þau óska eftir því að byggðarráð taki til endurskoðunar reglur um akstursstyrki til foreldra í dreifbýli með börn í leikskóla. Farið verður yfir reglurnar við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2011.
2. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra Brunavarna Húnaþings vestra dags. 6. sept. 2010, þar sem hann óskar eftir hækkun á fjárhagsáætlun ársins 2010 að upphæð kr. 585.000. m.vsk. til kaupa á notaðri dælu frá Eldstoðum ehf., þar sem báðar færanlegu dælur slökkviliðsins eru óvirkar. Byggðarráð samþykkir erindið og kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 27. ágúst s.l.
4. Lagt fram bréf Heilbrigðisstofnunar Vesturlands dags. 31. ágúst s.l. um vöktun öryggiskerfis í leiguíbúðum aldraðra í Nestúni á Hvammstanga. Sveitarstjóri greindi frá því að fulltrúar Húnaþings vestra og Heilbrigðisstofnunarinnar hafa farið yfir málið og mögulegar lausnir sem til eru.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 26. ágúst s.l. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
6. Lagt fram bréf Reykjatanga ehf. dags. 7. sept. s.l. þar sem óskað er eftir að sett verði götulýsing á afleggjara að íbúðarhúsum við Sæbergsvæg. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2011.
7. Lagt fram bréf frá fjárlaganefnd Alþingis dags. 8. sept. s.l. þar sem fulltrúum sveitarfélaga er boðið til viðtals við nefndina. Sveitarstjóri hefur bókað fund með nefndinni þriðjudaginn 28. september n.k. kl. 11:00.
8. Lagt fram fundarboð frá stjórn Veiðifélags Víðidalsár, þar sem landeigendur ofan Kolufossa eru boðaðir til fundar þann 14. september kl 20:00 í Víðigerði. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra og oddviti til vara. Samþykkt að taka á dagskrá
9. Sveitarstjóri skýrði frá því að samið hafi verið við Hringrás hf. um að rífa og sjá um förgun á m/b Sif sem legið hefur við bryggju í Hvammstangahöfn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari